



Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun 2030 – ráðstefna í Armeníu

*Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi MSW,
framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands*



Eldey Huld Jónsdóttir

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna (SP) samþykkti á sögulegum fundi sínum í september árið 2015 markmið um sjálfbæra þróun þjóða heims í 17 liðum sem skal vera búið að ná árið 2030. Yfirskriftin er *Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun, 17 markmið til að umbreyta heiminum*. Með

þessari samþykkt hafa leiðtogar þjóða heims samþykkt heildræna áætlun um að auka velsæld íbúa jarðar þar sem markmið númer eitt er að vinna að því að útrýma sárafátækt og fækka um helming þeim sem eru fátækir. Sérstaklega er áréttað að allir skuli vera með og enginn skilinn eftir. Þykir ljóst að samþykkt þessi sé einn stærsti áfanginn í starfi Sameinuðu þjóðanna á síðari árum (Whiting, 2018).

Með samþykkt Heimsmarkmiðanna hafa 193 þátttökþjóðir gert samkomulag um að leggjast á eitt, ekki bara við að eyða sárafátækt og hungri heldur einnig við að berjast gegn ójafnrétti innan þjóða og þeirra í millum. Þátttökþjóðirnar hafa samþykkt að leggja áherslu á uppbyggingu friðsamlegs og réttláts samfélags þar

sem enginn er hafður útundan, að vernda mannréttindi og vinna að jafnrétti kynjanna, að efla menntun og heilsugæslu, vinna gegn atvinnuleysi, vernda lífríki jarðar, sporna við loftslagsbreytingum og fleira.

Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun eru kjarnyr og ótvíræð. Þau eru í 17 liðum og hefur hver liður undirmarkmið sem eru í 169 liðum samtals. Það sem er einkum nýtt í þessari samþykkt umfram *Púsaldarmarkmiðin* (MDG), sem SP samþykktu um síðustu aldamót og runnu út í lok árs 2015, er að nú er gert ráð fyrir að allar þjóðir heims taki höndum saman, ekki bara þróunarríkin, og setji sér aðgerðaáætlun í þeim tilgangi að tryggja frið og velmegun fyrir árið 2030 með fólkið og plánetuna í fyrirrúmi. Með Heimsmarkmiðunum er ekki síst lögð áhersla á þá íbúa heims sem eru í hvað viðkvæmastri stöðu vegna fátæktar eða undirokunar sökum kyns, fötlunar eða stöðu í minnihlutahópi. Leitast verður við að leiðrétta aðstæður þeirra sem minna mega sín með margþættu inngripi, svo sem eins og aðferðum til að auka hagvöxt og uppfylla margvíslegar félagslegar þarfir fólks með áherslu á menntun, heilsugæslu, félagslega þjónustu og aukin atvinnutækifæri um leið og tekist er á við loftslagsbreytingar og umhverfisvernd. Markmiðin taka því til allra þriggja þátta sjálfbærrar þróunar, sem eru *hagvöxtur, félagsleg þátttaka og umhverfisvernd*. Það er einnig styrkur Heimsmarkmiðanna að við smíði þeirra, sem stóð yfir í tvö ár, voru fimm milljónir fólks um allan heim spurðar um framtíðarsýn sína og vonir og fólkið innt eftir því hvað það sjálft vildi setja í forgang í sjálfbærri þróun. Auk þess svöruðu nærri 10 milljónir manna um allan heim könnun um forgangsöröðun atriða sem halda uppi sjálfbæru samfélagi (Brandon, 2017).

Hvað er sjálfbær þróun?

Á heimasíðu Sameinuðu þjóðanna má finna skilgreiningu á sjálfbærri þróun. Þar segir:



Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun 2030, samþykkt í september 2015. Á myndinni má sjá yfirmarkmiðin sautján (Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, 2018).



Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun sem uppfyllir þarfir núverandi kynslóða án þess að skerða hæfni framtíðarkynslóða til að mæta þörfum sínum.

Þá segir enn fremur að sjálfbær þróun kalli á samstillta viðleitni til að byggja upp samþætta (e. inclusive), sjálfbæra og varanlega (e. resilient) framtíð fyrir fólk og jörðina. Til að ná fram sjálfbærri þróun er mikilvægt að saman fari þrjú meginatriði: *hagvöxtur, félagsleg þátttaka og umhverfisvernd*. Þessir þættir eru samtengdir og allir mikilvægir fyrir velferð einstaklinga og samfélaga. Í skilgreiningunni segir enn fremur að útrýming fátæktar í öllum sínum myndum sé ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir sjálfbærri þróun. Til þess að ná því þarf að stuðla að sjálfbærum, réttlátum hagvexti sem byggist á þátttöku fólksins og býður upp á tækifæri fyrir alla, auk þess að draga úr ójöfnuði, hækka grundvallarstaðla sem mæla velferð og stuðla að jafnri félagslegri þróun og aðlögun og samþættri og sjálfbærri stjórnun náttúruauðlinda og vistkerfa (United Nations, e.d.).

Eitt af Heimsmarkmiðunum sautján er að draga úr loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra því loftslagsbreytingar hafa nú þegar mikil áhrif á lýðheilsu, matvæla- og vatnsöryggi, fólksflutninga, frið og öryggi almennt. Loftslagsbreytingar eru sagðar munu eyða þeim árangri sem náðst hefur í þróun í átt til betra samfélags á síðustu áratugum sé ekkert að gert og hamla mjög frekari framþróun. Í Heimsmarkmiðunum segir að allar fjárfestingar í átt til sjálfbærrar þróunar þurfi að miða að því að sporna við loftslagsbreytingum, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og efla loftgæði. Það að takast á við loftslagsbreytingar og stuðla að sjálfbærri þróun er nefnilega tvær hliðar á sama peningi og ekki er unnt að ná fram sjálfbærri þróun án loftslagsaðgerða (United Nations, e.d.).

Innleiðing Heimsmarkmiða SP

Með þessari samþykkt SP hefur heimurinn fengið í hendur ákaflega metnaðarfull markmið um sjálfbæra þróun. Framkvæmd áætlunarinnar er í höndum stjórnmalamanna í hverju landi fyrir sig sem munu leggja línurnar og gera áætlanir. Stjórnvöld og sveitarfélög skipta hér miklu máli. En framkvæmdin er líka í höndum opinberra stofnana, fyrirtækja, hagsmunahópa og almennings í hverju landi. Í markmiðunum er lögð áhersla á og hvatt til samstarfs sem flestra við innleiðingu markmiðanna, bæði innan ríkja og milli þjóða. Í markmiðunum segir að lykillinn að árangri sé samtakamáttur og samstarf margra hagsmunaaðila þar sem saman komi fulltrúar sveitarstjórna, landsstjórn-

ar og einkageirans og almennir borgarar. Samvinnan er mikilvæg og allir þurfa að leggja sitt af mörkum. Þörf er á samstarfi á heimsvísu til að styðja innlendrar aðgerðir. Fulltrúar einkageirans og opinberra fyrirtækja, stjórnmalamenn og sérfræðingar hvaðanæva að úr heiminum eru því kallaðir árlega saman til fundar undir heitinu *World Economic Forum Sustainable Development Impact Summit* þar sem unnið er að því að styrkja tengingar manna á milli og leggja línur um framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna. Þar er einnig unnið að því að fá samþykki fyrir alþjóðlegum skuldbindingum og fjármögnunarleiðum og áætlanir gerðar um sjálfbæra þróun í nýtingu auðlinda, svo eitt-hvað sé nefnt (Brandon, 2017).

Í september 2018 var í annað sinn haldinn slíkur fundur. Markmiðið að þessu sinni var að kalla saman fulltrúa yfir 100 leiðandi alþjóðasamtaka og finna sameiginlegan flöt á því að auka áhuga á sjálfbærri þróun og efla aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Á fundinn mættu 750 þátttakendur hvaðanæva að úr heiminum, frumkvöðlar og leiðtogar frá fyrirtækjum, borgaralegum samfélögum, hagsmunasamtökum og alþjóðlegum stofnunum, og á sviði stjórnmála, vísinda og tækni. Þema fundarins var uppbygging sjálfbærra markaða, þróun fjármögnunar, sjálfbær samfélög og nýting vísinda og tækni til góðs á heimsvísu. Þá var sérstaklega tekin fyrir baráttan gegn kynjamisrétti og útbreiðslu sjúkdóma, það að auka ávinning viðskipta og loks verndun líffræðilegs fjölbreytileika plánetunnar (Mphuthing og Soffel, 2018).

Auk þess sem þjóðir heims vinna hver í sínu lagi að stefnumörkum í anda Heimsmarkmiðanna, þá koma samstarfsaðilar um allan heim reglulega saman til að vinna að framvindu markmiðanna. *European Social Network* hefur til dæmis skipað sérstakan starfshóp um Heimsmarkmiðin sem á að starfa í þrjú ár. Hópurinn á að fjalla um og draga fram hlutverk félagsþjónustunnar í markmiðum um sjálfbæra þróun og stuðla að framgangi markmiðanna með áherslu á félagslega þátttöku (e. social inclusion). Á hverju þessara þriggja ára eru tekin fyrir nokkur af Heimsmarkmiðunum sautján og reynt að komast að niðurstöðu um það hvernig félagsþjónustan geti sem best komið að því að framfylgja þeim. Á fyrsta fundi starfshópsins í október 2018 var megináherslan á markmið númer eitt, útrýmingu fátæktar. Á þeim fundi héldu erindi fulltrúar frá alþjóðastofnunum, rannsóknarstofnunum og Evrópusambandinu en hinir síðastnefndu sögðu frá því sem var á döfinni hjá Evrópusambandinu í innleiðingu markmiðanna um sjálfbæra þróun (Paúles, 2018).



Heimsmarkmiðin í hnotskurn

Hægt er að kynna sér Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun víða, og þar á meðal á íslenskri heimasíðu Sameinuðu þjóðanna, www.un.is. Til að bregða upp mynd af útfærslu áætlunarinnar fara hér á eftir undirmarkmið fyrir markmið nr. 1 og 3. Í markmiði nr. 1 er gert ráð fyrir að sárafatækt sé útrýmt og að fatækum fækki um helming til ársins 2030. Sárafatækt samkvæmt Heimsmarkmiðunum er skilgreind í lið 1.1.

Markmið nr. 1

Engin fatækt. Að útrýma fatækt í allri sinni mynd alls staðar.

- 1.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi sárri fatækt verið útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn hafi minna á milli handanna en sem nemur 1,25 bandaríkjadöllum á dag til að framfleyta sér.
- 1.2 Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fatækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.
- 1.3 Innleidd verði viðeigandi félagsleg kerfi í hverju landi öllum til handa, þ.m.t. lágmarksframfærsluviðmið, sem styðji frá og með árinu 2030 allverulega við fatæka og fólk í viðkvæmri stöðu.
- 1.4 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir, karlar sem konur, og þá einkum fatækt fólk og fólk í viðkvæmri stöðu, eigi jafnan rétt til efnahagslegra bjargráða og hafi sama aðgengi að grunnþjónustu, eignarhaldi á og yfirráðum yfir landi og öðrum eignum, erfðum, náttúruauðlindum, viðeigandi tækninýjungum og fjármálaþjónustu, þ.m.t. fjármögnun smærri fjárfestinga.
- 1.5 Eigi síðar en árið 2030 verði staða fatækra og fólks í viðkvæmri stöðu styrkt með fyrirbyggjandi aðgerðum til að bregðast við alvarlegum atburðum af völdum loftslagsbreytinga, efnahagslegum eða félagslegum áföllum, umhverfisskaða eða hamförum.

Undir þessu markmiði segir enn fremur að lögð verði sérstök áhersla á að tryggja úrræði fyrir þróunarlönd til að ná þessum markmiðum með aukinni þróunarsamvinnu og aðstoð.

Markmið nr. 3

Heilsa og vellíðan. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

- 3.1 Eigi síðar en árið 2030 verði dauðsföll af völdum barnsburðar í heiminum komin niður fyrir 70 af hverjum 100.000 börnum sem fæðast á lífi.

- 3.2 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir nýburadauða og andlát barna undir fimm ára aldri, sem unnt er að afstýra, og stefnt að því að öll lönd nái tíðni nýburadauða niður í 12 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi og dánartíðni barna undir fimm ára aldri að minnsta kosti niður í 25 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi.
- 3.3 Eigi síðar en árið 2030 verði búið að útrýma far-sóttum á borð við alnæmi, berklum, malaríu og hitabeltissjúkdómum sem ekki hefur verið sinnt og barist verði gegn lifrabólgu, sjúkdómum sem smitast af völdum drykkjarvatns og öðrum smit-sjúkdómum.
- 3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smit-sjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.
- 3.5 Eflar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
- 3.6 Eigi síðar en árið 2030 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.
- 3.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt almenn fræðsla um kynheilbrigði til fróðleiks og menntunar, meðal annars fyrir þá sem ætla að stofna fjölskyldu, og tryggt verði að æxlunarheilbrigði verði fellt inn í landsáætlanir.
- 3.8 Komið verði á heilbrigðisþjónustu fyrir alla, óháð fjárhagslegri stöðu, aðgengi veitt að góðri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og að öruggum, virkum og nauðsynlegum lyfjum og bólu efni á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- 3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.

Undir þessu markmiði segir enn fremur að leggja beri áherslu á tobaksvarnir, stuðning við rannsóknir og þróun bólu efna og lyfja gegn smitsjúkdómum og að sérstök áhersla verði á uppbyggingu heilbrigðiskerfis í þróunarlöndum (Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, e.d.).

Hlutverk félagslegrar verndar í

Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun

Í lok október 2018 fór undirrituð á ráðstefnu í Armeníu þar sem yfirskriftin var *Hlutverk félagslegrar verndar í Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun – enginn skilinn eftir í Armeníu*. Ráðstefnan var haldin af Armenska félagsráðgjafafélaginu, Alþjóðabankastofnununum, UNICEF og atvinnu- og félagsmálaráðuneyti



Armeníu. Meginþemu ráðstefnunnar voru félagsleg vernd sem liður í sjálfbærri þróun og útrýmingu fátæktar og félagslegt öryggisnet sem verkfæri til að valdefla frá vögggu til grafar einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu. Þriðja þemað var samþætting mælitækja á mismunandi þætti félagslegrar verndar til að tryggja að hópar í viðkvæmri stöðu fái samþættan stuðning. Þar er átt við stuðning sem tekur á öllum þáttum velferðar fólks, svo sem menntun, heilbrigði og atvinnuþátttöku, um leið og unnið er að því að eyða fátækt.

Ráðstefnan fór fram í Komitas-listasafninu í Yerevan, höfuðborg Armeníu. Við upphaf ráðstefnunnar gat að líta yfirfullan sal af fólki þar sem allar sætaraðir voru setnar auk þess sem fólk stóð með fram veggjum og sat í gluggakistum. Ráðstefnan hafði greinilega vakið athygli fjölmiðla því átta stórar upptökuvélar stóðu í gangveginum og lögreglan vaktaði húsið. Opnunar-ávörp fluttu fulltrúar forsætisráðuneytis Armeníu, skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Armeníu, UNICEF í Armeníu og Alþjóðabankans, og formaður armenska félagsráðgjafafélagsins. Að því búnu héldu erindi ráðherra atvinnuvega og félagsmála í Armeníu og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar SP um félagslega þróun (UNRISD). Mikill fjöldi erinda var fluttur á ráðstefnunni, flest í pallborði þar sem viðmælendur héldu stutt erindi um sitt sérsvið og síðan var boðið upp á spurningar og svör. Á þessum þremur dögum mátti hlýða á tugi áhugaverðra erinda sem flutt voru af fulltrúum Alþjóðabankans, UNICEF, UNRISD, Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO), Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa og fulltrúum ráðuneyta atvinnuvega, félagsmála og fjármála í Armeníu. Þá voru ekki síður áhugaverð erindi félagsráðgjafa frá Armeníu og nágrennalöndunum Moldavíu, Georgíu og Íran þar sem veitt var innsýn í félagsþjónustu þessara landa og þau margvíslegu þróunarverkefni sem Alþjóðabankinn og UNICEF standa á bak við, meðal annars í Armeníu.

Fram kom hjá fyrirlesurum að mikill áhugi væri á Heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun 2030 og miklar væntingar væru til þess að nú gætu fátækari lönd fengið hvatningu, stuðning og tækifæri til að vinda ofan af fátækt í sinni verstu mynd, þar sem enginn yrði skilinn eftir. Þá kom einnig fram mikilvægi félagslegrar verndar og það að félagsráðgjafar gegni lykilhlutverki í að ná ekki bara markmiðinu um fátækt heldur flestum markmiðanna sautján. Það sem einkum þótti áhugavert varðandi Heimsmarkmiðin var að horft er á heildarmyndina. Fátækt, kynjamisrétti, ofbeldi, húsnaðisskortur, menntunarskortur, lélegt aðgengi að heilsugæslu, atvinnuleysi, umhverfismengun og loft-



Mynd 1. Panelumræður um félagslegt öryggi og mikilvægi velferðarkerfisins.

lagsbreytingar; allt þetta hefur áhrif á lífsgæði og velferð fólks.

Paul Ladd, framkvæmdastjóri UNRISD, lagði áherslu á það í erindi sínu að sjálfbær þróun og útrýming fátæktar séu grundvallarmannréttindi sem þjóðir heims þurfi að standa vörð um og minnti á yfirskrift Heimsmarkmiðanna, að skilja engan eftir. Ladd sagði miklar framfarir hafa átt sér stað í baráttunni gegn fátækt þar sem árið 1990 hefði um helmingur jarðarbúa búið við sárafátækt en árið 2015 hefði hlutfallið verið komin niður í 10% jarðarbúa. Mestu munaði um þá framþróun sem hefði átt sér stað í Asíu, og þá sérstaklega Kína en stór hluti kínversku þjóðarinnar bjó við sárafátækt um og fyrir síðustu aldamót (Ladd, munnleg heimild, 31. október 2018).

Fram kom í máli ráðherra atvinnu- og félagsmála í Armeníu að 1,1 milljón Armena leiti sér aðstöðar ár hvert vegna fátæktar, en það er um þriðjungur þjóðarinnar. Með nýjum áætlunum væri nú reynt að skilgreina þá sem hefðu setið eftir og tryggja að rödd þeirra heyrðist. Fólk getur lent fyrirvaralaust í fátækt, meðal annars vegna atvinnuþessis eða veikinda. Þá þarf að koma til félagsleg vernd fyrir þann hóp um leið og unnið er gegn langvarandi fátækt með sérstöku inngripi og heildrænum stuðningi. Ráðherrann fór einnig yfir breytingar sem eiga sér stað víða um heim, meðal annars í samsetningu þjóða þar sem margar þjóðir eru að eldast, flóttamönnum fjölga mjög, veðurfarsbreytingar hafa skaðleg áhrif og áhrifa fjórðu iðnbýltingarinnar er þegar farið að gæta. Allt þetta kallar á nýjar áskoranir og heildræna nálgun þar sem horft er til framtíðar.

Eitt áhrifaríkasta atriði ráðstefnunnar var utan dagskrár, þegar armensk ungmenni komu fram og lýstu aðstæðum sínum, tækifærum og því sem þau höfðu



farið á mis við. Ungmenninn höfðu undirbúið eins konar gjörning, þar sem þau sýndu gult líkan af mannslíkama og lýstu fyrir ráðstefnugestum hvaða þýðingu þeim fyndist hver líkamshluti hafa. Það gerðu þau með því að hvert og eitt festi einn líkamshluta í einu á gula líkanið og sagði frá þýðingu hans.

Félagsþjónusta í Armeníu, Georgíu og Íran

Mörgum áhugaverðum erindum væri hægt að gera skil en hér verður sagt frá erindum sem félagsráðgjafar í Armeníu, Georgíu og Íran héldu um þjónustu við fátæka þar.

Í löndum Austur-Evrópu, sem og Íran er félagsráðgjöf ung að árum. Engir félagsráðgjafar voru starfandi í fyrrum Sovétríkjunum, eingöngu opinberir þjónustufulltrúar sem reiknuðu út bætur fyrir þurfandi. Armenía og Georgía voru hluti af Sovétríkjunum og eru bæði fátæk lönd í dag. Í Armeníu búa um þrjár milljónir manna. Tæplega 30% íbúa lifa við fátækt og þar af búa 1,8% þjóðarinnar við sárafátækt (e. extreme poverty). Það sem einkennir fátækt í Armeníu er lág laun; 25% fátækra fullorðinna Armena eru láglaunafólk. Barnafátækt er 34,2% og þar af búa 2% armenskra barna við sárafátækt. Ástandið er síst betra í Georgíu þar sem 6,8% barna lifa við sárafátækt. Fram kom að fátækt hefur á sér margar hliðar og hefur víðtæk áhrif á lífsgæði. Hvað varðar fullorðna fátæka Armena er það atvinnuleysi og láglaunavinna sem veldur mestri fátækt hjá flestum. Þá er ein milljón Armena í húsnæðis-

vandræðum eða býr við ófullnægjandi húsakost og um 700.000 hafa ekki aðgang að viðunandi heilsugæslu. Tæpur þriðjungur barna í Armeníu er bæði fátækur og félagslega undirokaður og helmingur barna upplifir það að missa af tækifærum, eins og til dæmis þátttöku í félagsstarfi og tómstundum. Því er það svo að mörg verkefni félagsþjónustunnar með félagsráðgjafa í framlinunni snúast sérstaklega um það að leysa vanda barna sem lifa við sárafátækt. Alþjóðabankinn og UNICEF styrkja mörg ný verkefni í Armeníu sem snúa að því að hjálpa fólki úr fátæktargildrunni. Alþjóðabankinn leggur einnig áherslu á aukinn hagvöxt og aukna þátttöku kvenna í atvinnulífinu. Fram kom í máli armensku félagsráðgjafanna að aðstæður væru víða mjög slæmar, ekki síst í dreifbýli. Þegar unnið væri með vanda fátækra væri litið á aðstæður fjölskyldunnar í heild. Meðal þátta sem eru skoðaðir eru atvinnuþátttaka, húsnæði og grunnþættir þess, eins og salernisaðstaða, aðgangur að rafmagni og heitu vatni og það hversu margir deila húsnæðinu. Einnig væri horft til menntunar, heilsugæslu og þátttöku barna og fullorðinna í samfélaginu. Sérstaklega væri unnið með aðstæður barna. Lögð væri áhersla á að greina vanda hvernar fjölskyldu fyrir sig, sem og styrkleika hennar, og metið hvað gæti hjálpað henni við að brjótast úr fátækt. Þá væri lögð áhersla á samvinnu, bæði hins opinbera og almenna markaðarins.

Mira Antonyan, formaður armenska félagsráðgjafafélagsins, hélt erindi á ráðstefnunni. Hún sagði að



Mynd 2: Líkamshlutarnir og tákun þeirra hjá ungmennunum: Heilinn táknaði stjórnvöld, augun löggæslu, munnurinn siðmenntað samfélag, lungun heilsusamlegt umhverfi, hendurnar félagsþjónustu, menntun og heilsugæslu, fæturnir staði þar sem við hittum vini og aðra sem næra okkur og byggja okkur upp, blóðið félagslega vernd og öryggisnet og að lokum táknaði hjartað, sem í þeirra huga var mikilvægasta líffærið, rödd barna. Enda voru lokaorð ungmennanna: „Hlustið á hjartað, hlustið á rödd barnanna, hlustið á alla, skiljið engan eftir“ (munleg heimild, 31. október 2018).



félagsráðgjöf í Armeníu stæði á tímamótum. Liðin eru 25 ár frá því að fyrstu félagsráðgjafarnir hófu störf þar og hún hvatti félagsráðgjafa til þess að vera sýnilegir og reyna að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda, því þeir væru sérfræðingar málaflokksins. „Félagsráðgjafar eru milliliðir milli hins opinbera og fólksins. Þeir eru hlutlausir aðilar sem bera boð þeirra sem þjást til þeirra sem taka ákvarðanir hjá hinu opinbera. Til þess að rödd okkar berist þurfum við að vinna faglega, skrá vinnu okkar og starfa á grundvelli gagnreyndra aðferða,“ sagði Mira Antonyan (munleg heimild, 2. nóvember 2018).

Í sveitarfélögum Armeníu er að frumkvæði félagsráðgjafa víða verið að þróa það sem þeir kalla „þjónusta í gegnum einn glugga“ (e. one window service). Þar getur fólk sótt um alla samfélagslega þjónustu á einum stað. Þá er einnig unnið að því að samræma skráningu og efla samstarf milli sveitarfélaga. Aida Muradyan, verkefnastjóri í barnavernd og annarri félagsþjónustu, sagði frá metnaðarfullu átaksverkefni sem nú væri í gangi þar sem unnið væri gegn fátækt. Í verkefninu voru valdar 100 lágtekjufjölskyldur og þarfir þeirra og styrkleikar metnir. Í framhaldinu voru útfærð sérsniðin þjónustuúrræði fyrir hverja fjölskyldu. Markmiðið er að auka seiglu (e. resilience) og styðja fjölskyldurnar til sjálfshjálpar. Nefndi hún sem dæmi um stuðning í þessu átaksverkefni lagfæringar á húsakynnum þar sem er komið upp vatnssalerni, foreldri aðstoðað við að fara í meðferð, atvinnutækifæri eru aukin, börn fá aukinn stuðning í skóla og eru styrkt til framhaldsnáms og unnið er gegn félagslegri einangrun þeirra og fleira. Í lokin tiltók hún dæmi um einstakar fjölskyldur og hvernig úrræðið væri sniðið að þörfum þeirra. Í einu tilfelli var fjölskyldu útvegað fjármagn til að kaupa dráttarvél sem heimilisfaðirinn gat notað við bústörfin og aflað viðbótartekna með því að aðstoða nágranna á dráttarvélinni. Eins og af þessu dæmi sést er stuðningurinn sérsniðinn og sértækur fyrir hverja fjölskyldu. Aida Muradyan sagði að eitt ár væri liðið frá því að verkefnið fór af stað. Niðurstöður mats á árangri þessa árs eru þær að hjá 82% fjölskyldna hafa lífsgæði aukist, hjá 63% hefur fátækt minnkað, í 45% tilfella fékk foreldri vinnu eða stofnaði eigin rekstur, í 45% tilfella var menntun barna aukin, meðal annars með því að koma í veg fyrir brottfall úr námi, örva áhuga þeirra á því að stunda námið eða unglingur var styrktur til framhaldsnáms, og 77% sýndu einkenni betra heilbrigðis. Er óhætt að segja að verkefnið, sem er styrkt af UNICEF og er til þriggja ára, lofi góðu og sýni hve miklu er hægt að fá áorkað með samstilltu átaki. Hér gegna félagsráð-

gjafar lykilhlutverki „en þeir fara út á akurinn, greina vandann og finna lausnir,“ eins og Aida Muradyan orðaði það. Að síðustu minntist Aida á mikið álag í starfi félagsráðgjafanna og mikilvægi faglegs stuðnings og handleiðslu vegna aðstæðna og vinnuumhverfis. Félagsráðgjafarnir sem fara inn á heimilin verða oft vitni að mikilli fátækt, neyslu, ofbeldi og öðrum erfiðum aðstæðum, auk þess sem þeir finna að tryggja þarf enn frekar öryggi þeirra í starfinu (Muradyan, munleg heimild, 2. nóvember 2018).



Mynd 3. Á ráðstefnunni var fjöldi kynningarbása. Þar á meðal kynntu mörg hjálparsamtök sem starfa í Armeníu starfsemi sína.

Georgía

Árið 2004 komu fyrstu félagsráðgjafarnir til starfa í Georgíu eftir að hafa lokið meistaranámi í félagsráðgjöf í Bandaríkjunum. Tveimur árum síðar var stofnuð félagsráðgjafardeild við háskólann í Tbilisi, höfuðborg Georgíu, með aðstoð félagsráðgjafardeilda háskóla í Slóveníu og Bretlandi. Í Georgíu, eins og í Armeníu, er mikil áhersla lögð á það innan félagsþjónustunnar að vinna gegn fátækt. Í Georgíu mælist atvinnuleysi 12% og 4,8% þjóðarinnar lifa við sárafátækt (e. extreme poverty). Hlutfall barna sem lifa við sárafátækt er þó enn hærra eða 6,8%, eins og áður kom fram. Grunnþættir félagslegrar verndar í Georgíu byggjast á félagslegri aðstoð fyrir ákveðna hópa, svo sem fátæka og foreldralaus börn, auk þess sem allir landsmenn eru sjúkratryggðir. Misjafnt er þó hversu góð og aðgengileg heilbrigðisþjónustan er, einkum í dreifbýli. Grunnmenntun er ókeypís en sú þjónusta nær heldur ekki alltaf alla leið. Í dreifbýli er fjarlægðin frá skóla helsta brotalömin. Nino Shatberashvili, formaður georgíska félagsráðgjafafélagsins, hélt erindi á ráðstefnunni og sagði dæmi þess að börn gengju ekki í skóla þar sem sum sveitarfélög bjóða ekki upp á skólaakstur. Nefndi hún dreng sem hafði ekki farið í skóla í þrjú ár vegna



Þessa og því ekki fengið kennslu, ef frá væru taldar þrjár heimsóknir kennara á þremur árum (Shatberashvili, munnleg heimild, 2. nóvember 2018).

Íran

Í Íran byggist félagsþjónustan og aðstoð við fátæka einkum á grunngildum íslams, þar sem segir að hjálpa beri þeim sem eru þurfandi og fátækir, og á ákvæðum stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um að vernda beri fátæk börn og mæður. Formaður íranska félagsráðgjafafélagsins, Hassan Mousavi Chelak, hélt erindi þar sem hann greindi frá tilhögun félagsþjónustu og aðstoð við fátæka í Íran. Það eru ekki mörg ár síðan ríkið fór að sinna þessum málaflokki og enn í dag er höfðað til skyldu þegna landsins við fátæka. Sérstakar stofnanir sem veita fátækum þjónustu í formi heitra máltíða, félagsþjónustu og heilsugæslu eru reknar af ríki og góðgerðarfélögum í sameiningu og njóta auk þess frjálsra framlaga frá almenningi. Eitt af því sem þessar stofnanir gera er að finna fátækum styrktaraðila sem aðstoða hinn fátæka með því að leggja mánaðarlega inn á bankareikning hans. Fjárhagsaðstoðin er því ekki á hendi hins opinbera heldur háð góðvild náungans. Þessi þjónusta við fátæka, sem Hassan sagði að kallaðist á ensku *Program food security*, hefur aðeins verið við lýði í 10 ár, þó svo að í Íran hafi alla jafna verið mikill fjöldi götubarna í borgum landsins. Hassan sagði að það væri fyrst nú á allra síðustu árum að stjórnvöld í Íran væru að taka við sér og setja fram stefnu í málefnum fátækra og að koma á fót fyrrgreindu úrræði. Saga félagsráðgjafar er þó ívið lengri þar en í Armeníu og Georgíu, en 60 ár eru síðan fyrstu félagsráðgjafarnir hófu störf í Íran (Chelak, munnleg heimild, 2. nóvember 2018).

Á heimasíðu ráðstefnunnar í Armeníu er sagt frá aðalfyrirlisurum, auk þess sem glærur af ráðstefnunni verða aðgengilegar þar (Armenian Association of Social Workers, e.d.).

Að lokum

Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun kalla á samstillt átak allra þjóða heims. Þó svo að markmiðin hafi ekki verið afgreidd sem lög í hverju landi fyrir sig, þá hafa þjóðir heims skuldbundið sig til að vinna að þessum markmiðum og koma nú fram hver í sínu lagi með áætlanir um hvernig þeim skuli náð. Hér á landi hefur verkefnastjórn Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna ritað skýrslu um stöðu Íslands gagnvart markmiðunum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi (Stjórnarráðið, e.d.-b). Þar er sagt frá helstu verkefnum,

um, áætlunum og áskorunum. Verkefnastjórnin starfar undir forystu forsætisráðuneytisins en öll ráðuneytin koma að henni, ásamt Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hefur verið gefið út yfirlit yfir forgangsmarkmið stjórnvalda hér á landi (Stjórnarráðið, e.d.-a) og má finna þau og skýrsluna á heimasíðu stjórnarráðsins. Hvet ég lesendur til að kynna sér þessa miklu vinnu sem er í gangi og um leið hvet ég félagsráðgjafa og aðrar starfsstéttir til að standa vörð um þessi grundvallarskilyrði velferðar. Þegar farið er yfir Heimsmarkmiðin er mikilvægi félagsráðgjafa sem fagstéttar í innleiðingarferlinu auðséð og ekki síður mikilvægi þess að rödd okkar berist innan úr kerfi hins opinbera til þeirra sem taka ákvarðanir um innleiðingu Heimsmarkmiðanna. Rödd sem vonandi talar fyrir betra samfélagi og bættum heimi.

Heimildaskrá:

- Armenian Association of Social Workers. (e.d.). *Role of Social Protection in the sustainable development agenda – leaving no one behind in Armenia*. Sótt af www.socialprotection2030.am
- Brandon, S. (2017, 31. ágúst). *World Economic Forum, The UN has a 17-step plan to save the world*. Sótt af www.weforum.org/agenda/2017/08/the-un-has-a-17-step-plan-to-save-the-world
- Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. (2018, 10. september). Sótt af www.un.is
- Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. (e.d.). *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2030*. Sótt af www.un.is/heimsmarkmidin/
- Mphuthing, P. og Soffel, J. (2018, 25. september). *World economic forum What next? 4 ways to build a sustainable future*. Sótt af www.weforum.org/agenda/2018/09/sustainable-development-impact-summit-2018-highlights/
- Paúles, L. M. (2018, 26. september). *European Social Network. ESN News*. Sótt af www.esn-eu.org/news/1081/index.html
- Stjórnarráðið. (e.d.-a). *Forgangsmarkmið innanlands og í alþjóðasamstarfi*. Sótt af www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b4fcb683-900e-11e8-942a-005056bc4d74
- Stjórnarráðið. (e.d.-b). *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2030*. Stöðuskýrsla júní 2018. Sótt af www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10adb4fe-7989-11e8-942c-005056bc530c
- United Nations. (e.d.). *The Sustainable Development Agenda*. Sótt af www.un.org/sustainabledevelopment/development-agenda/
- Whiting, K. (2018, 26. september). *World Economic Forum: What is the UN General Assembly and what does it do?* Sótt af www.weforum.org/agenda/2018/09/what-is-the-un-general-assembly-and-what-does-it-do